

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu fólks til þess hvort ríkið eigi að greiða styrki til íslensks landbúnaðar

Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 18. mars 2010


76,3% eru frekar eða mjög fylgjandi því að ríkið greiði styrki til íslensks landbúnaðar.

MMR kannaði hversu fylgjandi eða andvíg fólki væri gagnvart því að ríkið greiddi styrki til íslensks landbúnaðar. Af þeim sem tóku afstöðu voru 76,3% sem sögðust frekar eða mjög fylgjandi styrkjum til íslensks landbúnaðar.

Skípt eftir einstökum svörum voru 5,1% mjög andvíg, 18,6% sögðust frekar andvíg, 48,5% sögðust frekar fylgjandi og 27,8% sögðust mjög fylgjandi því að ríkið greiddi styrki til íslensks landbúnaðar.

Nokkur munur reyndist vera á afstöðu svarenda eftir búsetu. Þannig sögðust 71,0% íbúa höfuðborgarsvæðisins vera frekar eða mjög fylgjandi styrkjum til íslensks landbúnaðar en á landsbyggðinni var stuðningurinn 84,4%. Þá voru 15,6% íbúa landsbyggðarinnar mjög eða frekar andvíg styrkjum til íslensks landbúnaðar á meðan 29,0% íbúa höfuðborgarsvæðisins voru því mjög eða frekar andvíg.


Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði styrki til íslensks landbúnaðar?



Spurt var: "Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði styrki til íslensks landbúnaðar??"
Samtals tóku 90,6% afstöðu til spurningarinnar.

Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði styrki til íslensks landbúnaðar?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög andvíg(ur)" eða „frekar/mjög fylgjandi"-



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 932 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 3.-5.mars 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.